

Reykjavík 9. október 2017  
UST201709-216/M.I.K.  
09.00

Ágæti viðtakandi.

Dagana **9. og 10. nóvember 2017** verða haldnir ársfundir náttúruverndarnefnda sveitarfélaga, Umhverfisstofnunar og náttúrustofa og ársfundur umsjónaraðila friðlýstra svæða. Ársfundur náttúruverndarnefnda sveitarfélaga, Umhverfisstofnunar og náttúrustofa verður haldinn þann 9. nóvember. Yfirskrift fundarins er *Ný náttúruminjaskrá – áhrif í sveitarfélögum*. Ársfundur umsjónaraðila friðlýstra svæða verður þann 10. nóvember.

Fundirnir verða haldnir á Akureyri að þessu sinni og verða með svipuðu sniði og undanfarin ár.

**Vinsamlegast takið daginn frá.**

Skýrsla náttúruverndarnefnda:

Umhverfisstofnun minnir náttúruverndarnefndir, eða þær nefndir sem fara með hlutverk þeirra, á að samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu náttúruverndarnefndir veita Umhverfisstofnun yfirlit yfir störf sín með skýrslu í lok hvers árs. Skýrslunni er skilað rafrænt á slóðinni:

<http://ust.is/atvinnulif/sveitarfelog/natturuverndarnefndir/skyrsla-natturuverndarnefnda/>  
þar sem einnig er að finna leiðbeiningar um gerð skýrslunnar.

*Þessi póstur er ætlaður fyrir fulltrúa í náttúruverndarnefndum eða þeim nefndum sem fara með hlutverk náttúruverndarnefnda og starfsmenn sveitarfélaga og þá aðila sem hafa umsjón með friðlýstum svæðum samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun. Vinsamlegast áframsendið póstinn á þessa aðila ef það á við.*

Virðingarfyllst



Hildur Vesteinsdóttir